

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	02.01.2017
Málakili	823
Mál nr.	1701004

Garðabær
Garðatorgi
210 Garðabæ




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 29. desember 2016
UST201612-141/G.H.E.
05.00

Efni: Markmið um 50% endurvinnslu heimilisúrgangs árið 2020

Með bréfi þessu vekur Umhverfisstofnun athygli á markmiði sem í gildi er um 50% endurvinnslu heimilisúrgangs, sem ber að uppfylla eigi síðar en árið 2020, sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.b. Í kynningarefni og fréttáflutningi vegna uppbyggingar gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU bs. er því jafnan teflt fram að í stöðinni fari fram endurvinnsla og því muni endurvinnsluhlutfall frá heimilum verða um 95% með tilkomu stöðvarinnar (m.a. umfjöllun í Speglinum 15. desember 2016). Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun vekja athygli á ákvæðum 3. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, er varðar skilgreiningu á hugtakinu *endurvinnsla*. Þar segir: „*Endurvinnsla: hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla á lífrænum efniviði, en ekki orkuvinnsla og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til fyllingar.*“ Samkvæmt lögnum er því ekki um að ræða endurvinnslu þegar orka eða eldsneyti er unnið úr úrgangi, heldur telst slík meðhöndlun til endurnýtingar. Hins vegar má mögulega telja þann hluta úrgangsins sem verður að moltu í stöðinni sem endurunninn, að því gefnu að moltan verði ekki eingöngu notuð til fyllingar, sbr. skilgreiningu hér að framan. Má því ætla að aðeins hluti þess úrgangs sem fari til meðhöndlunar í hinni nýju gas- og jarðgerðarstöð teljist endurunninn og teljist til tekna þegar kemur að uppgjöri áðurnefnds markmiðs árið 2020.

Virðingarfyllt


Gunnlaug Einarsson
sviðsstjóri


Guðmundur B. Ingvarsson
teymisstjóri

Samrit: 6 sveitarfélög á höfuðborgarsvæði sem eru eigendur SORPU bs.,

Afrit: SORPA bs., umhverfis- og auðlindaráðuneytið